

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991

um húsbréf og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

Á eftir 34. gr. reglugerðarinnar komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9., 10., 2. mgr. 23., og 26. gr. reglugerðar þessarar, og með vísun til 12. gr. laga nr. 1/1992, er húsbrefadeild skylt, fram til 31. desember 1993 að taka við fasteignaveðbréfum þeirra umsækjenda, sem höfðu fengið svör almenns eðlis um lánsrétt, vegna almennra íbúðalána úr Byggingarsjóði ríkisins, þegar lög nr. 1/1992 tóku gildi, og hafa byggt eða keypt íbúðir.

Ákvæði 1. mgr. á jafnt við um nýjar sem notðar íbúðir. Samkvæmt því skal annars vegar tekið við fasteignaveðbréfum, sem gefin hafa verið út af íbúðarkaupendum eða húsbýggjendum vegna íbúða sem orðið hafa fokheldar eftir 1. janúar 1988, og hins vegar vegna kaupsamninga sem gerðir hafa verið um notaðar íbúðir eftir 1. janúar 1988.

Skylda húsbrefadeildar, sbr. 1. og 2. mgr., er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

— Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi hafi lagt inn umsókn um lán hjá Húsnaðisstofnun ríkisins eftir 1. janúar 1988 og átt lánsrétt samkvæmt áðurgildandi 12.–14. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnaðisstofnun ríkisins með áorðnum breytingum.

— Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi hafi ekki, frá og með 1. janúar 1988, fengið lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum eða til kaupa á notuðum íbúðum, hvort tveggja samkvæmt þeim ákvæðum laga, sem um lán þessi áður giltu, þ.e. 12.–14. gr. laga nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, og hafi jafnframt ekki fengið afgreiðslu hjá húsbrefadeild samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I, II eða III reglugerðar nr. 217/1990.

— Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar um greiðslugetu, sbr. 24. gr.

— Skuldareigandi samþykki greiðslu skuldar með húsbrefum.

Um fjárhæðir vísast til 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar, þó þannig að fjárhæð skal aldrei vera hærri en nauðsynlegt er vegna þeirra viðskipta sem áður hafa átt sér stað.

Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1993 og skal afgreiðslu húsbrefa samkvæmt þessari grein vera lokið fyrir þann tíma. Væntanlegum rétthöfum skal gerð skýr grein fyrir því.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnaðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, og með vísun til 12. gr. laga nr. 1/1992, öðlast gildi 1. apríl 1992.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Porgerður Benediktsdóttir.